

**Ávarp Jóns Atla Benediktssonar, rektors Háskóla Íslands, við  
veitingu Hvatningarverðlauna jafnréttismála miðvikudaginn 27.**

**nóvember 2019 kl. 8.30**

Þórdís Kolbrún Gylfadóttir, ráðherra ferðamála, iðnaðar og nýsköpunar, góðir gestir. Ég býð ykkur innilega velkomin til þessa viðburðar þar sem árleg afhending Hvatningarverðlauna jafnréttismála fer fram. Að verðlaununum standa Atvinnu- og nýsköpunarráðuneytið, Samtök atvinnulífsins, Festa – miðstöð um samfélagsábyrgð og Háskóli Íslands, en sérstakur samstarfsaðili er UN Women á Íslandi.

Háskóli Íslands leggur ríka áherslu á jafnréttismál og birtist það meðal annars í því að jafnrétti er eitt af þremur grunnildum skólans. Við horfum á jafnréttisstarf skólans í víðu samhengi, sem þýðir að auk jafnréttis kynjanna hefur jafnréttisstarf skólans breiða skírskotun. Má þar nefna fjölskyldustefnu skólans, aukna áherslu á að fjölga innflytjendum í námi og áherslu á aðgengismál, auk þess sem mikil gróska er í námi og rannsóknum á sviði jafnréttismála innan skólans.

Áskoranir nútímans eru margar og stórar. Þær kalla á fjölbreyttar lausnir og aðferðir, og samstarf margra aðila. Menntun og vísindi eru undirstaða þess að íslenskt samfélag sé í stakk búið til að takast á við þessar áskoranir. Í því samhengi er mjög mikilvægt að fólk geti sótt sér menntun óháð bakgrunni eða efnahag. Þetta sýnir hvernig jafnréttishugsun getur hjálpað okkur að setja hlutina í skýrara samhengi og ná fram bestu úrlausnum í okkar viðfangsefnum.

Háskóli Íslands leggur áherslu á samvinnu við samfélag og atvinnulíf og það er því vel við hæfi og ánægjulegt að skólinn skuli vera einn af bakhjörllum Hvatningarverðlauna jafnréttismála. Með þessu samstarfi leggur skólinn sitt lóð á vogarskálina til að stuðla að þróun í átt til aukins jafnréttis í íslensku atvinnulífi.

Góðir gestir. Hér á eftir verður boðið upp á þrjá sérlega áhugaverða fyrirlestra sem fjalla um jafnrétti í atvinnulífinu frá ólíkum sjónarhornum, og er dagskráin á þessa leið:

Fyrst mun **Hilmar Sigurðsson**, forstjóri Sagafilm, sem hlaut Hvatningarverðlaun jafnréttismála árið 2018, flytja erindið ***Jafnrétti finnst í menningu fyrirtækja.***

Því næst flytur **Ásdís Ýr Pétursdóttir**, forstöðumaður samfélagsábyrgðar og samskipta hjá Icelandair, erindi sitt, ***Til fyrirmyndar í fluginu!***

Þriðja og síðasta erindið flytur **Ólöf Júlíusdóttir**, doktor í félagsfræði frá Háskóla Íslands, og byggir það á nýlegri rannsókn hennar og ber titilinn: ***Valdaójafnvægi á vinnumarkaði: Fleytir ást kvenna körlum áfram í atvinnulífinu?***

Að erindum loknum afhendir **Þórdís Kolbrún Reykfjörð Gylfadóttir**, ráðherra ferðamála, iðnaðar- og nýsköpunar, ***Hvatningarverðlaun jafnréttismála 2019.***

Ég gef nú Hilmarí Sigurðssyni orðið. Takk fyrir.